

Þingsályktun

**um útgáfu á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi
í tilefni af aldarafmæli Hæstaréttar.**

Alþingi ályktar í tilefni af aldarafmæli Hæstaréttar 2020 að fela forseta þingsins að ganga til samstarfs við Þjóðskjalasafn Íslands og Sögufélag um útgáfu á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi. Alþingi samþykkir að styðja útgáfuna fjárhagslega um 10 millj. kr. árlega næstu 10 ár.

Samþykkt á Alþingi 18. nóvember 2019.